

## Stjórnarfundur í Þyt 22 maí 2017

Allir mættir nema Sindri og Árni Geir.

1. Markús benti á að fánar væru úr sér gengnir. Samþykkt að pantar 5 nýja fána.
2. Optimist tilboð er komið og hljóðar upp á 2765 evrur að frádregnum 10% afslætti. Markús óskar eftir að undirvagnarnir verði á stórum hörðum hjólum til að bátarnir væru ekki eins líklegir til að dragast niður í malbikið. Ritari greindi frá að hann hafi haft samband við tómsfundafulltrúa sem sagði að kaup Optimist bátanna væri nr 4 á forgangslista hans. Markús ræddi samsætningu hópsins sem er virkur á æfingum. Hann telur að við eigum að leyfa krökkum allt frá 10 ára aldri að hefja æfingar á Optimist. Rætt um flutningskostnað báta og vsk.
3. Sjómannadagurinn. Rædd skipulagning dagsins. Auglýsa þarf eftir sjálfboðaliðum á facebook síðum. Einnig þarf að skrá þau hlutverk sem þarf að manna. Þegar þessu er lokið þarf að boða þá á fund sem lýst hafa vilja til að hjálpa. Gott væri ef sá fundur gæti átt sér stað nk mánudag. Markús greindi frá því að Brúðuvagninn verði á svæðinu og að stefnt væri að því hjá hafnarsjórn að búið verði að malbika malarsvæði.
4. Áríðandi er að ganga frá samningi við Rebeccu sem fyrst.
5. Gámar. Það þarf að endurnýja beiðni til hafnarstjóra um að setja gámana út fyrir girðingu.
6. Samþykkt að bókfæra að Sindri og Markús væru starfsmenn klúbbsins og komi fram fyrir hönd hans gagnvart foreldrum og nemendum.
7. Gera þarf við húrð sem tengir sal og geymsluloft.
8. Formaður ræddi róðra á læk 17 júní. Tala þarf við garðyrkjuskólann um dýpt vtinsins.
9. Gunnar Freyr ræddi starfsleyfi. Samþykkt að senda nauðsynlega pappíra inn til Samgöngustofu. Sindri þarf að setja inn rétt nöfn.
10. Markús greindi frá að Jón í Sjóvá sé tilbúinn til að koma á fund og yfirfara með okkur tryggingarmálin.
11. Rætt um dagsetningu og framkvæmd á „Mömmudegi“ kænudeildar.
12. Formaður greindi frá að skátarnir séu að undirbúa Jamboree mót að Úlfjótuvatni. Hann fer fram á að fara með nokkra kajaka í mótið sem haldið verður 26 – 28 júlí. Það er samþykkt.